



Fundargerð

348. fundur hreppsnefndar Reykólahrepps
fimmtudaginn 14. febrúar 2013, kl. 15.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykóhólum.

Mætt: Andrea Björnsdóttir (AB) oddviti, Eiríkur Kristjánsson (EK) varaoddviti, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (ÁSK), Gústaf Jökull Ólafsson (GJO) og Sveinn Ragnarsson (SR) Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fimm blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, setti fundinn og leitaði afbrigða að taka til afgreiðslu 6 mál undir liðnum önnur mál, var það samþykkt.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 347. fundur hreppsnefndar 10. janúar 2013.

Farið yfir fundargerð. Við lið 12 skal bókast að hreppsnefnd samþykkir búfjársamþykktina samhljóða. Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd 11. febrúar 2013.

Farið yfir fundargerð.

1. 1302001 – Suðurbraut 6, umsókn um byggingalóð

Hreppsnefnd samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

2. 1202022 Álftaland 173216, tillaga að lóð.

Lögð er fram tillaga að lóð, undirrituð og samþykkt af lóðarhafa og drög að lóðaleigusamningi um lóðina. Samþykkt samhljóða.

3. 1206034 – Niðurfelling vega af vegaskrá.

Hreppsnefnd samþykkir bókun nefndarinnar.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

Mál til afgreiðslu

1. 1302005 - Stefna.

Stefna, Lögheimar f.h. Gylfa Þ. Þórissonar á hendur sveitarfélaginu. Stefna móttokin 7. febrúar 2013. Stefna verður lögð fram í Héraðdómi Vestfjarða þann 20. febrúar 2013.

Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að gæta hagsmuna sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

2. 27. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga 15. mars 2013.

Kjörnir fulltrúar.

Eiríkur Kristjánsson kjörinn fulltrúi Reykhólahrepps og sveitarstjóri munu mæta fyrir hönd Reykhólahrepps á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

3. 1208035 – Ósk um endurskoðun á lóðarleigusamningum.

Mál tekið fyrir á fundi hreppsnefndar 16. ágúst 2012.

Hreppsnefnd samþykkir að endurskoða samningana og felur sveitarstjóra að ganga frá lóðarleigusamningum við aðila. Ársleiga lóðanna skal vera 4% af fasteignamati lóðar eins og samþykkt álagningarákvæði Reykhólahrepps fyrir árið 2013 kveður á um. Samþykkt samhljóða.

4. 1302013 – Lóðarleigusamningur.

Nýtt form á lóðarleigusamningum, vegna leigu lóða í eigu Reykhólahrepps.

Hreppsnefnd samþykkir nýtt form á lóðarleigusamningum fyrir hreppinn. Samþykkt samhljóða.

5. 1102019 – Bjarg í Flatey.

Samningur um lóð og niðurfelling eldri samnings.

Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að gera nýjan lóðaleigusamning um Bjarg, lóðarleigugjald skal vera skv. samþykktu álagningaákvæði Reykhólahrepps fyrir árið 2013. Samþykkt samhljóða.

6. 1302006 - MAST og Ingunnarstaðir.

Erindi frá Guðjóni D. Gunnarssyni ódagsett.

Lagt fram.

7. 1302007 - Tónlistakennsla í Reykhólahreppi.

Erindi frá Guðrúnu Guðmundsdóttur dagsett 3. janúar 2013.

Hreppsnefnd samþykkir kr. 200.000,- í akstursstyrk vegna tónlistakennslu vorönnina 2013. Samþykkt samhljóða.

8. 1302008 - Umsagnarbeiðni, mál 470. Þingsályktun um velferðarstefnu – heilbrigðisáætlun til ársins 2020.

Erindi frá velferðarnefnd Alþingis dagsett 24. janúar 2013.

Hreppsnefnd veitir ekki umsögn.

9. 1302009 - Umsagnarbeiðni, mál 204. Frumvarp til sveitarstjórnarlaga (fjöldi sveitarstjórnarfulltrúa og efling íbúalýðræðis).

Erindi frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dagsett 4. febrúar 2013.

Hreppsnefnd veitir ekki umsögn.

10. 1302010 - Umsagnarbeiðni, mál 449. Frumvarp til sveitarstjórnarlaga.

Erindi frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dagsett 4. febrúar 2013.

Hreppsnefnd veitir ekki umsögn.

11. 1302011 -Umsagnarbeiðni, mál 84. Tillaga til þingsályktunar um breytta framtíðarskipan refaveiða á Íslandi.

Erindi frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dagsett 7. febrúar 2013.

Hreppsnefnd veitir ekki umsögn.

12. 1302012 -Umsagnarbeiðni, mál 282. Frumvarp til laga um búfjárhald.

Erindi frá atvinnuveganefnd Alþingis dagsett 8. febrúar 2013.

Hreppsnefnd veitir ekki umsögn.

13. 1302014 - Auglýsing frá stjórn Ungmennafélags Íslands.

Þrjú erindi frá Ungmennafélagi Íslands dagsett 7. febrúar 2013.

Reykholahreppur tekur ekki afstöðu til erindanna.

Til kynningar

14. 1302015 - Ársreikningur Reykhólarhepps 2012.

Sveitarstjóri tilkynnti að vinna við ársreikning 2012 væri hafinn. Þá kynnti sveitarstjóri breytingar sem gerðar yrðu á færslu lána í ársreikningi 2012.

15. 1208003 – Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga.

Svar EFS, dagsett 21. janúar 2013.

Svar EFS lagt fram og kynnt. EFS óskar ekki eftir frekari greinargerð frá sveitarfélaginu.

16. 1302016 – Breytilegir útlánavextir Lánasjóðs sveitarfélaga.

Lagt fram.

17. 1302017 – Atvinnuveganefnd Alþingis, mál 570, stjórn fiskveiða.

Erindi og minnisblað frá nefndarsviðið Alþingis dagsett 4. febrúar 2013.

Lagt fram.

18. 1302018 – Tillögur um breytingar á frv. til laga um búfjárhald og dýravelferð – 282. og 283. mál.

Afrit af umsögnum Samband íslenskra sveitarfélaga til atvinnuveganefndar Alþingis.

Tillögur lagðar fram.

19. 1302019 - Samþykkt tillögur af 38. sambandsráðsfundi Ungmennafélags Íslands.

Samþykkt lögð fram.

20. 1302020 - Stjórnafundur Fjórðungssambands Vestfirðinga 26. nóvember 2012 og 7. janúar 2013.

Fundargerð lögð fram..

21. 1302021 - Fundur stjórnar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks 12. desember 2012.

Fundargerð lögð fram.

22. 1302022- Fundargerð 803. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram.

23. 1302023 - Fundargerð samstarfsnefndar Landssamband slökkviliðs- og sjúkrafluninga-manna og Sambands Íslenskra sveitarfélaga 6. febrúar 2013.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

24. 1302025 – Íbúaskrá 1. desember 2012.

Send til hreppsnefnd til yfirferðar 12. febrúar 2013.

Sveitarstjóra falið að koma athugasemdum á framfæri. Samþykkt samhljóða.

25. 1302026 - Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða 8. febrúar 2013.

Ársreikningur 2012 og auglýsing vegna hækkunar á gjaldskrá heilbrigðiseftirlitsins um 5% á árinu 2013.

Fundagerð og ársreikningur lagður fram. Gjaldskrá samþykkt samhljóða.

26. 1302029 – Ljósnet Símans til Reykhóla.

Tillaga frá GJÓ svohljóðandi.

Vegna fréttar af tengingum við ljósnet Símans, fagnar hreppsnefnd þeirri ákvörðun Símans að netvæða landsbyggðina og leggja þar með sitt lóð á vogarskálarnar við að jafna aðgang fólks að háhraðanet, en harnar það jafnframt fyrir hönd íbúa hreppsins að vera ekki í þeim hópi sem fær tengingu að þessu sinni. Hreppsnefnd óskar þess að fá kynningu á ljósneti Símans og áætlunum Símans um frekari ljósnetvæðingu. Sveitarstjórn óskar þeim heimilum sem fá aðgang að ljósneti Símans árið 2013 til hamingju með það.

Tillaga samþykkt samhljóða.

27. 1302028 – Höfnin á Stað.

Erindi frá Birni Samúelssyni, Eyjasiglingu dagsett 13. janúar 2013. Erindið varðar eignarhald og viðhald á Staðarbryggju og Flateyjarbryggju.

Erindinu er vísað til hafnarnefndar sem er að vinna í málinu.

28. 1302027 – Starfsemi lðju.

Erindi frá Félagsmálastjóra Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps dagsett 7. febrúar 2013.

Hreppsnefnd samþykkir viðbótaframlag við lðju kr. 62.047,- . Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17:48
